



MOSFELLSBÆR

# Leikskólinn Hlíð Skólanámskrá 2021

Hlaðhamrar 4  
270 Mosfellsbær



Ábyrgðarmaður  
Ragnheiður Halldórsdóttir  
leikskólastjóri

# Efnisyfirlit

<b>Inngangur</b>	<b>3</b>
<b>Leikskólinn Hlíð</b>	<b>4</b>
<b>Gildi Mosfellsbæjar, gildi Hlíðar</b>	<b>5</b>
<b>Leikskólastarf fyrir eins og tveggja ára börn</b>	<b>6</b>
<b>Hugmyndafræði Hlíðar: Menntun á grunni umhyggju Nel Noddings</b>	<b>7</b>
<b>Áherslupættir í Hlíð</b>	<b>8</b>
Umhyggja og umönnun	<b>9</b>
Tilfinningalegt öryggi	<b>10</b>
Sveigjanlegt dagskipulag. Tímapressu og stressi úthýst	<b>11</b>
Einstaklingsmiðuð umönnun og nám	<b>12</b>
<b>Sambætt og skapandi leikskólastarf</b>	<b>13</b>
Læsi og samskipti. Málörvun í anda snemmtækrar íhlutunar	<b>14</b>
Heilbrigði og vellíðan	<b>15</b>
Sjálfbærni og vísindi	<b>16</b>
Skynörvun	<b>17</b>
Sköpun og menning	<b>18</b>
<b>Leikur og leikefni</b>	<b>19</b>
Leikur yngstu barnanna	<b>19</b>
Leiksvæði/leikrými	<b>20</b>
Efniviður	<b>21</b>
<b>Matur og næring</b>	<b>22</b>
<b>Svefn og hvíld</b>	<b>23</b>
<b>Vináttuverkefnið Blær</b>	<b>24</b>
<b>Grænfánaverkefnið</b>	<b>25</b>
<b>Agastefna Hlíðar</b>	<b>26</b>
<b>Fjölskyldan og leikskólinn</b>	<b>27</b>
Þátttökuaðlögun	<b>27</b>
Foreldrafundir og viðtöl	<b>27</b>
<b>Starfsfólk</b>	<b>28</b>
<b>Öryggismál</b>	<b>29</b>
<b>Mat á leikskólastarfinu</b>	<b>30</b>
<b>Starfsáætlun</b>	<b>31</b>
<b>Heimildir</b>	<b>32</b>

# Inngangur

Leikskólinn Hlíð starfar samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 og Aðalnámskrá leikskóla frá 2011. Á grunni aðalnámskrár ber hverjum leikskóla að útfæra sína eigin skólanámskrá þar sem fram koma áherslur í skólastarfinu, starfshættir og sérkenni leikskólans. Aðalnámskrá er stefnumarkandi rammi um leikskólastarfið og undirstaða skólanámskrárgerðar. Skólanámskrá Hlíðar tekur einnig mið af skólastefnu Mosfellsbæjar frá 2009. Kjarni skólastefnu Mosfellsbæjar er að setja einstaklinginn í öndvegi og að skólastarf taki mið af þörfum hans, félagslegum aðstæðum og umhverfi. Skólastefnan tekur einnig mið af gildum Mosfellsbæjar sem eru: Virðing, jákvæðni, framsækni og umhyggja. Skólastefnu Mosfellsbæjar má finna undir Menntastefna Mosfellsbæjar [www.mos.is/stjornkerfi/stjornkerfi/stefnur-og-aaetlanir](http://www.mos.is/stjornkerfi/stjornkerfi/stefnur-og-aaetlanir). Skólanámskrá Hlíðar er birt á heimasíðu leikskólans [www.hlid.leikskolinn.is](http://www.hlid.leikskolinn.is).



# Leikskólinn Hlíð

Leikskólinn Hlíð stendur við Hlaðhamra 4 í Mosfellsbæ og er rekinn af Mosfellsbæ. Hlíð hóf starfsemi 21. september 1985. Í upphafi voru þrjár deildir í skólanum og þar af ein hálf dagsdeild. Níu árum síðar varð leikskólinn einsetinn. Árið 2000 var tekin í notkun færanleg skólastofa við leikskólann og þar með ný deild. Með tilkomu nýrrar viðbyggingar 2003 urðu deildirnar fimm en auk þess bættist við hreyfisalur, aðstaða til sérkennslu og undirbúningsherbergi leikskólakennara. Húsnæði leikskólans var í upphafi 430,80 m<sup>2</sup> en eftir stækkun er leikskólinn 807 m<sup>2</sup>. Stærð lóðar er 4.854 m<sup>2</sup>.

Árið 2018 var ákveðið að breyta Hlíð í ungbarnaleikskóla fyrir eins og tveggja ára börn. Í dag er pláss fyrir 74 börn í Hlíð og skiptast þau á 5 deildir. Deildir leikskólans draga nafn sitt af kennileitum í umhverfi leikskólans og heita Klettahlíð, Hamrahlíð, Steinahlíð, Úthlíð og Esjuhlíð.



# Gildi Mosfellsbæjar, gildi Hlíðar

Mosfellsbær hefur sameinast um ákveðin gildi sem eiga að lýsa starfsemi bæjarins, menningu, þjónustu og vinnubrögðum. Leikskólinn Hlíð hefur gildi Mosfellsbæjar sem sitt leiðarljós. Í stefnumótun Mosfellsbæjar 2017–2027 eru gildin útskýrð þannig:

**Virðing** Við ávinnum okkur virðingu með því að vera heiðarleg, kurteis og traust. Starfsfólk er tillitssamt, einlægt og fagnar fjölbreytileikanum.

**Jákvæðni** Við erum jákvæð með því að hlusta og hrósa af einlægni. Víðsýni og þakklæti eru okkar einkunnarorð og hjá Mosfellsbæ er tekist á við ný verkefni með lausn í huga.

**Framsækni** Við höfum vilja, áræðni og hugrekki til að vera framsækin. Starfsfólk tileinkar sér nýjungar, leggur áherslu á starfsþróun og skilvirk vinnubrögð.

**Umhyggja** Við sýnum umhyggju með því að vilja öðrum vel, vera kærleiksrík og jákvæð í framkomu. Áhugi og hjálpssemi einkennir allt okkar starf.



# Leikskólastarf fyrir eins og tveggja ára börn

Nýlegar rannsóknir benda til þess að þrátt fyrir að erfðir ráði því með hve margar heilafrumur við fæðumst þá hafi uppeldi og ytri þættir gríðarlega mikil áhrif á hvernig heilinn þroskast. Uppeldi og erfðir hafa því hvor tveggja úrslitaáhrif í þessu sambandi. Á fyrstu árum ævinnar þroskast heilinn hraðar en nokkru sinni síðar á lífsleiðinni. Það er að hluta til í höndum þeirra sem sinna ungum börnum hvernig heilinn byggist upp og mótast. Sú reynsla, góð eða slæm, sem barnið verður fyrir á þessum miklu mótunar-árum hefur áhrif og mótar viðbrögð þeirra við lífinu síðar meir. Það gefur auga leið að vel þarf að vanda til leikskólaumhverfisins fyrir yngsta aldurshópinn og þar eru starfsmenn í lykilhlutverki, þekking þeirra og viðhorf til barna. Stór hluti dagsins fer í daglega umönnun barnanna s.s að klæða börnin út og inn, hvíld, matartímar og bleiuskipti. Í þessum stundum gefst gott tækifæri til tengslamyndunar og málörvunar. Í dagskipulaginu er þess gætt að jafnvægi sé milli aldurhæfandi örvunar allra þroskaþátta og hvíldar en slíkt jafnvægi er áriðandi í starfi með ungum börnum.



# Hugmyndafræði Hlíðar: Menntun á grunni umhyggju Nel Noddings

Umhyggja er leiðarstef Hlíðar. Umhyggja og umönnun eru hugtök sem eru nátengd og gjarnan notuð jöfnum höndum. Hugtakið umhyggja hefur verið skilgreint sem nokkurskonar regnhlífarhugtak er nær yfir allt starf leikskólans frá því að taka á móti barni að morgni og til þess að skapa þroskavænlegt námsumhverfi í skólanum. Umönnun á þá frekar við þegar kennari annast barn í nánum tengslum við það svo sem þegar barn er huggað eða aðstoðað í matartíma. Umönnun er þá undirhugtak umhyggju. Vandséð er hvernig unnt er að veita umönnun án umhyggju.

Leikskólastarfið í Hlíð grundvallast á hugmyndum um mikilvægi umhyggju í leikskólastafi og er skólastarfið skipulagt á þeim grunni. Horft er til kenninga bandaríska menntunarfræðingsins Nel Noddings sem rannsakað hefur umhyggju í skólastarfi og er afar kunn af störfum sínum. Hún hefur verið ötull talsmaður þess að umhyggja sé höfð að leiðarljósi í öllu skólastarfi. Noddings segir umhyggju vera nán samskipti tveggja og hún þarfnist alltaf bæði gefanda og þiggjanda. Þegar leikskólakennari veitir umhyggju þarf hann að sjá og heyra hvert barn svo hvert og eitt þeirra fái umhyggju við hæfi. Noddings heldur því fram að allir hafi þörf fyrir umhyggju sem feli í sér skilning, viðurkenningu, virðingu og að tilheyra öðrum og það eigi ekki aðeins við um börn heldur einnig um fullorðna þegar erfiðleikar steðja að. Hún telur að skortur á umhyggju sé rót ýmissa vandamála í nútímaþjóðfélögum. Í skólastarfi leggur Noddings áherslu á að umhyggja sé þema sem eigi að umlykja allt skólastarf og að skóladagurinn sé skipulagaður með umhyggju í fyrirrúmi. Að mati Noddings birtist umhyggja kennara m.a. í viðhorfi hans til barna og þeirri sýn er hann hefur til barnæskunnar.



# Áherslupættir í Hlíð

- Umhyggja og umönnun.
- Tilfinningalegt öryggi.
- Sveigjanlegt námsumhverfi og dagskipulag. Tímappressu og streitu úthýst.
- Hlýja, virðing, góðvild og festa.
- Einstaklingsmiðuð umönnun og nám.
- Málörvun í anda snemmtækrar íhlutunar.





## Umhyggja og umönnun

Í aðalnámskrá leikskóla segir að í daglegu starfi leikskóla skuli leggja áherslu á umhyggju, tillitssemi og sam hjálp allra í leikskólanum. Umhyggja er lykilhugtak í starfi Hlíðar og grunnur að kennsluaðferðum og skipulagi leikskólans. Umhyggja kennarans skiptir máli fyrir það hvort og hvernig barn nær að tileinka sér þekkingu og færni. Umhyggjusöm samskipti eru ekki sjálfsprottin, þau þarf að rækta og ígrunda. Leiða má að því líkum að umhverfi leikskóla sem einkennist af umhyggju sé þroskavænlegt umhverfi þar sem leitast er við að mæta þörfum allra barna.

Umhyggju sýnum við með því að:

- Vera til staðar fyrir börnin.
- Hlusta á börnin.
- Vera í augnhæð barnanna.
- Vera jákvæð og glöð.
- Sýna þolinmæði.
- Sýna hlýju og kærleika.
- Gæta að raddbeitingu.
- Mæta hverju barni sem einstaklingi.
- Bera virðingu fyrir börnum og sýna það í verki.



## Tilfinningalegt öryggi

Barn myndar tilfinningasamband við þann sem annast það með augnatilliti, brosi og gráti. Þegar barni er sinnt af ást og umhyggju byggir það taugabrautir öryggis. Þegar barn á traust og öruggt tilfinningasamband við þann sem annast það verður til sú örugga höfn sem barnið getur leitað til þegar það er þreytt, vonsvikið eða hrætt. Barnið kannar síðan heiminn út frá þessari öruggu höfn. Umhyggja og nán tengsl við einn eða fleiri fullorðna verður að vera til staðar svo að barn nái að þroskast og dafna. Það er ljóst að barni sem dvelur stóran hluta dags í leikskóla er mikilvægt að mynda traust og nán tengsl við leikskólakennara sem annast það.



## Sveigjanlegt dagskipulag. Tímappressu og stressi úthýst

Þegar leikskólastarfið er skipulagt af umhyggju gefur auga leið að kappkostað sé að hafa andrúmsloftið rólegt, vinsamlegt og eins laust við stress og kostur er. Dagskipulag leikskólans er einfalt og er skipt niður milli virkni og hvíldar. Gætt er að því að tími sé nægur til allra þátta s.s matartíma, klæða börnin út og inn, bleiuskipti o.fl. Börn upplifa reglulega stress, t.d svengd. Viðvaranadi stress getur leyst út mikið magn cortisol sem getur haft áhrif á þroska heilans og veikt ónæmiskerfið. Þegar barn byrjar í leikskóla veldur aðskilnaður við foreldra álagi. Til þess að draga úr því er notað ákveðið aðlögunarferli fyrir börn og foreldra og er það kynnt fyrir foreldrum áður en börnin byrja í leikskólanum. Gott samstarf heimilis og leikskóla er afar mikilvægt. Sjá kafla um fjölskylduna og leikskólann á bls 27.

Stress forðumst við með því að:

- Skipta barnahópnum upp í smærri hópa.
- Sýna sveigjanleika.
- Áætla nægan tíma í daglegar athafnir.
- Lesa í aðstæður, t.d. dagsform barnanna.
- Vera í góðu jafnvægi.
- Vanda okkur í öllum samskiptum og stuðla að góðum starfsanda.
- Hafa opin og góð samskipti við foreldra.
- Hefja daginn á rólegum nótum t.d með dempuðum ljósum.
- Taka vel á móti börnum og foreldrum í upphafi dags.
- Notað snertingu þegar þarf að stoppa barn. Ekki kalla nafnið né skamma.



## Einstaklingsmiðuð umönnun og nám

Hvert barn er einstakt, með sinn persónuleika, þarfir og langanir. Í Hlíð er lögð áhersla á að sérhvert barn fái að blómstra í leikskólanum á sínum eigin forsendum. Hvert barn á að finna að það er velkomið í leikskólann sinn og að það tengist kennurum og öðrum börnum. Umhyggjusamur kennari hlustar á raddir allra barnanna og reynir ekki að kenna öllum það sama, hann tekur tillit til einstaklingsins og hlustar eftir þörfum og væntingum sérhvers barns. Í Hlíð er bæði hugsað um einstaklinginn og barnahópinn sem heild. Nauðsynlegt er að hafa ákveðið skipulag í daglegu starfi leikskólans svo sem varðandi matartíma og hvíldartíma og þurfa börnin að fylgja því skipulagi að mestu leyti.



# Sambætt og skapandi leikskólastarf

Sú menntastefna sem birt er í aðalnámskrá er reist á sex grunnþáttum menntunar og skulu þessir þættir vera leiðarljós við gerð skólanámskrár. Grunnþættirnir eru læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun. Grunnþættirnir eiga að endurspeglast í starfsháttum leikskóla og vera sýnilegir í öllu skólastarfi. Þeir tengjast allir innbyrðis og eru háðir hver öðrum. Í leikskóla mynda hugtökin uppeldi, umönnun og menntun eina heild. Námsvið leikskóla eiga að vera sambætt og samofin í öllu starfi leikskólans og taka mið af sex grunnþáttum menntunar. Námsvið leikskóla eru: Læsi og samskipti, heilbrigði og vellíðan, sjálfbærni og vísind, sköpun og menning. Í skólanámskrá eru námsviðin útfærð svo og markmið og leiðir. Nauðsynlegt er að hafa það ávallt hugfast að öll námsviðin fléttast saman og oft er erfitt að skilgreina hvaða námsvið er unnið með í hvert og eitt sinn.



## Læsi og samskipti: Málörvun í anda snemmtækrar íhlutunar

Börn eru félagsverur og hafa ríka þörf fyrir samskipti við aðra. Börn nota ýmsar leiðir til að tjá sig og eiga samskipti við aðra. Eins og tveggja ára börn hafa fæst náð góðu valdi á tungumálinu og tjá sig þá allt eins mikið með öðrum hætti s.s með hljóðum, snertingu, látbragði og svipbrigðum. Öll börnin í Hlíð eru á máltökuskeiði og málörvun gríðarlega mikilvæg. Í ungubarnaleikskóla á hugmyndafræði um snemmtæka íhlutun einkar vel við. Með snemmtækri íhlutun er brugðist við um leið og rökstuddur grunur vaknar um málþroskafrávik hjá barni. Með markvissri málörvun er leitast við að efla og styrkja málþroskann og þá um leið að draga úr erfiðleikum sem barnið kann að mæta síðar meir. Hlíð hefur útbúið handbók um snemmtæka íhlutun í máli og læsi sem ætluð er starfsfólki og öðrum áhugasömum. Handbókin er aðgengileg á heimasíðu Hlíðar [www.hlid.leikskolinn.is/Malorvun-i-Hlid/Snemmtaek-ihlutun-i-mali-og-laesi---handbok](http://www.hlid.leikskolinn.is/Malorvun-i-Hlid/Snemmtaek-ihlutun-i-mali-og-laesi---handbok).



## Heilbrigði og vellíðan

Heilbrigði og vellíðan barna er einn af hornsteinum leikskólastarfs og er undirstaða fyrir nám og þroska. Umönnun er einstaklingsmiðuð og þörfum hvers barns mætt á forsendum þess. Ung börn þurfa að fá útrás fyrir mikla hreyfipörf og það er þeim eðlislægt að vera alltaf á hreyfingu. Þau þurfa tækifæri til að hreyfa sig frjálst jafnframt því að taka þátt í skipulagðri hreyfingu. Börn kanna umhverfi sitt með öllum skynfærum og nauðsynlegt er að eðlislæg forvitni þeirra fái að njóta sín. Með því að fá tækifæri til að spreyta sig eflist sjálfstraust barna. Hreyfing og vellíðan hafa jákvæð áhrif á samskipti barna, umgengni þeirra við umhverfi sitt og hæfni þeirra til að takast á við daglegt líf og nýjar áskoranir.

## Heilbrigði og vellíðan í Hlíð

- Börnin þjálfra fínhyringar, grófhreyfingar og hreyfingar með söng.
- Í hreyfisal eru bæði stýrðar og frjálsar hreyfistundir fyrir börnin.
- Í útiveru fá börnin tækifæri til hreyfingar og að spreyta sig við krefjandi aðstæður.
- Áhersla er á rólegt umhverfi í skólanum og að skipta börnunum í smærri hópa.
- Í boði er hollur og fjölbreyttur matur.
- Áhersla er á hvíld og hreinlæti.



## Sjálfbærni og vísindi

Börn eru fæddir vísindamenn. Frá fyrstu stundu beita þau ýmsum aðferðum við að kanna og reyna að skilja umhverfi sitt. Þau horfa, hlusta, snerta, bragða, handleika, flokka, bera saman, rannsaka og draga ályktanir. Ung börn læra í gagnvirkum samskiptum við umhverfi sitt og náttúran er sífellt undrunarefni. Mikilvægt er að kenna börnum að bera virðingu fyrir umhverfi sínu og náttúru og skapa þeim tækifæri til að upplifa og njóta náttúrunnar. Hlíð er Grænfánaskóli (sjá nánar á bls 25).

## Sjálfbærni og vísindi í Hlíð

- Að hvetja börn til að skoða, kanna, rannsaka, gera tilraunir og upplifa.
- Að grípa tækifærin sem upp koma til að gera tilraunir og skapa upplifanir.
- Að skoða náttúruna með börnunum og hvetja þau til að nýta öll skynfærin.
- Að muna að heimurinn er nýr fyrir börnunum.
- Að gróðursetja, rækta, molta, drullumalla, sulla og hvaðeina sem skapar upplifun.





## Skynörvun

Skynjun er stór þáttur í námi yngstu barnanna og eins og fram kemur í kaflanum hér að framan þá leitast þau við að skynja og skilja umhverfi sitt með öllum skilningavitum. Þau vilja rannsaka allt sem á vegi þeirra verður og hafa mikla þörf fyrir að kanna og uppgötva sjálf hvernig hlutirnir virka um leið og þau handfjatla þá, skoða og smakka. Það er því nausynlegt að börnunum séu sköpuð margvísleg tækifæri til að örva skynfæri sín og kanna heiminn á þann hátt sem þeim er eðlislægt.

## Skynörvun í Hlíð

- Leikur með ljós og skugga. Notuð margs konar ljós, s.s ljósaseríur, diskóljós, myndvarpi, skjávarpi, vasaljós o.fl.
- Dagsbirta í gluggum nýtt, t.d skín hún í gegnum flöskur með lituðum vökva, glimmeri og pallíettum. Einnig notað litað plast og pappír.
- Í hreyfisal er sérstakt skynörvunartjald þar sem hægt er að vera með fjölbreytt skynörvunarefni.
- Leikefni með margs konar áferð. Hrísgrjón, vatn, efnisbútar af ýmsum gerðum, leir, sandur, froða, snjór o.s.frv.
- Með fjölbreyttu mataræði örvast lyktar- og bragðskyn barna.
- Í útiveru upplifa börn hita, kulda, vind, regn og snjó.



## Sköpun og menning

Sköpun er mikilvægur þáttur í námi og þroska barna. Skapandi starf á fyrst og fremst að beinast að ferlinu sjálfu, gleðinni, tjáningunni og náminu sem á sér stað í allri sköpun. Efniviður leikskólans á að vera fjölbreyttur, opinn og hvetja til sköpunar. Skapandi starf með eins og tveggja ára gömlum börnum á sér í raun stað í öllu starfi leikskólans hvort sem er úti eða inni, í leik eða í stýrðu skapandi starfi. Barnamenning er vitaskuld hluti af leikskólastarfinu.

## Sköpun og menning í Hlíð

- Haldið er í íslenska menningu og hefðir. Þær uppkomur sem tengjast ákveðnum dögum, s.s jólum, þorra o.s.frv eru miðaðar við aldur barnanna.
- Haldið er á lofti barnamenningu. Sungið og farið með þulur, sagðar sögur, lesnar bækur. Sameiginleg söngstund í sal einu sinni í viku.
- Börnin vinna á eigin forsendum og lögð er áhersla á ferlið og ánægjuna fremur en útkomuna.
- Náttúran nýtt til sköpunnar. Snjór, rigning, hrísgrjón leir.
- Sköpun á sér stað í söng, dansi og sögum.



# Leikur og leikefni

## Leikur yngstu barnanna

Leikur er stór hluti af lífi barna og gegnir miklu hlutverki í þroska þeirra. Leikurinn tilheyrir bernskunni og er það mikilvægasta sem barnið tekur sér fyrir hendur. Börn geta fundið leik í öllu sem á vegi þeirra verður og eitt og sama leikfangið getur verið uppspretta mismunandi leikja enda getur allt verið leikfang í augum barna. Á vökutíma barns er alltaf eitthvað að gerast, einhverjar uppgötvanir í gangi. Barnið er sífellt að læra eitthvað nýtt. Barn á öðru aldursári sækist eftir að tileinka sér nýja færni og æfa þá færni sem það hefur þegar öðlast, svo sem hreyfigetu, málþroska og félagsþroska.

Það sem helst einkennir leiki yngstu barnanna er mikil fjölbreytni. Börnin nota allan líkamann, t.d. að hlaupa um leiksvæði, hoppa og skriða. Leikurinn getur verið hávær og eitt af aðaleinkennum hans er endurtekning. Ung börn byggja upp virka þekkingu í samspili og samskiptum við hluti og fólk þar sem þau eru stöðugt að raða og endurraða hugsunum og hugmyndum.



## Leiksvæði / leikrými

Skipulag á leikrými þarf að ígrunda vel og byggja þar á þekkingu á leik ungra barna og því hvernig þau afla sér þekkingar og reynslu. Leikumhverfið þarf að vera fjölbreytt og gott aðgengi að leikefni sem hvetur börn til að rannsaka, finna lausnir og skapa. Leiksvæði ungra barna er rannsóknarstofan þeirra. Svæði þar sem þau geta gert tilraunir með eðli hluta og hvernig þeir virka. Nauðsynlegt er að nægt svigrúm sé fyrir börnin til að hreyfa sig og þróa leikinn. Umhverfið þarf einnig að hvetja til samskipta bæði milli barnanna og milli barna og fullorðinna.

## Leiksvæði í Hlíð

Leikstofur eru skipulagðar þannig að þeim er skipt niður í leiksvæði sem í flestum tilfellum eru hreyfanleg. Til að stúka af leiksvæði eru notaðar mottur, skilrúm eða lágir skápar.

Í Hlíð er vel búinn hreyfisalur sem deildir leikskólans skiptast á að nýta en auk þess er gert ráð fyrir að börnin geti hreyft sig nokkurn veginn óhindrað inni á deild. Börnin fara út á hverjum degi svo fremi sem veður leyfir. Í útiveru gefst góður kostur á að hreyfa sig óhindrað.



## Efniviður

Börn þurfa fjölbreyttan efnivið sem hvetur þau til að rannsaka, leita lausna, læra nýja hluti og æfa þá færni sem þegar er til staðar. Slíkur efniviður getur verið nánast hvað sem er en þarf ekki endilega að vera leikföng keypt í búð. Efniviður er allt það sem börn leika sér með. Skynjun er stór þáttur í námi yngstu barnanna svo ýmis konar skynörvandi efniviður er tilvalinn fyrir þennan aldurshóp.

## Efniviður í Hlíð

- Kubbar af ýmsum gerðum. Trékubbar, dublo kubbar, einingakubbar, Hollow kubbar, XL mjúkir legokubbar, svampkubbar, XL regnbogakubbar.
- Dúkkudót. Dúkkur, dúkkuföt, rúm, sængur og koddar, töskur, hattar, slæður.
- Heimiliskrökur. Eldhúsáhöld, diskar og bollar, pottar og pönnur, tómar pakkningar undan mat.
- Bækur sem henta aldri barnanna. Harðspjaldabækur til að skoða, Bínubækur, Mímí bækur, eftirhermubækur.
- Hljóðfæri af ýmsum gerðum.
- Bílar, flugvélar, boltar, dýr, púsl, spil fyrir yngstu börnin.
- Efniviður til fínhyfinga, s.s. pípuhreinsarar, ísspýtur, kefli til að þræða í gegnum.
- Efniviður til rannsókna, s.s. krukkur með loki, burstar, pappahólkar, brúsar, keðjur, klemmur o.s.frv.
- Efniviður til sköpunar. Fingramálning, þekjulitir, silkilitir, tússlitir, vaxlitir, pappír, stórir penslar, verðlaust efni af ýmsu tagi.



# Matur og næring

Það er hlutverk leikskólans að stuðla að góðum matarvenjum og hollustu með áherslu á ferskleika og fjölbreytni. Lögð er áhersla á aukna grænmetis- og ávaxtaneyslu barnanna og fara hóflega í neyslu á sykri, salti og fitu. Vatn er alltaf aðgengilegt fyrir börn og starfsmenn. Við samsetningu matseðla er tekið mið af ráðleggingum embættis landlæknis varðandi næringu barna. Mikil áhersla er lögð á að elda allan mat frá grunni. Með fjölbreytni að leiðarljósi er passað upp á að ráðlögðum dagskammti (RDS) fyrir hvert og eitt vítamín og steinefni sé náð. Þá stuðlar fjölbreytnin um leið að heilbrigðum matarvenjum barnanna til framtíðar.

- Grænmeti og ávextir daglega
- Fiskur að minnsta kosti tvisvar í viku
- Olía eða mjúk fita í stað harðrar fitu
- Gróf brauð og annar trefjaríkur kornmatur
- Hreinar mjólkurvörur
- Þorskalýsi eða annar D-vítamínjafi
- Sykur í lágmarki
- Salt í hófi
- Vatn er besti svaladrykkurinn



# Svefn og hvíld

Svefn er börnum nauðsynlegur fyrir andlegan og líkamlegan þroska. Frá eins árs aldri skiptist svefn barna oftast nær í tvo lúra á sólarhring og er viðmiðið eftirfarandi:

<b>Eins árs</b>	11 tímar að nóttu 2,5 tíma daglúr
<b>Tveggja ára</b>	11,5 tímar að nóttu 1,5 tíma daglúr
<b>Þriggja ára</b>	11,5–12 tímar að nóttu 45 mínútna daglúr

Hafa verður í huga að um viðmið er að ræða og það getur verið töluverður munur milli einstaklinga. Tímasetning daglúra skiptir mun meira máli en tímalengd þeirra. Algengast er að börn með vandamál tengd daglúrum séu að sofa stutta og óreglulega lúra. Þegar lagt er mat á vandamál tengd daglúrum, kemur oft í ljós að hrynjandinn í dagsvefni er rangur. Algengast er að vökutíminn áður en barnið sofnar fyrir nóttina sé of stuttur en lengsti vökutími dagsins þarf einmitt að vera fyrir nóttina.

Í Hlíð fara öll börn í hvíld eftir hádegismatinn. Ekki er hægt að verða við óskum um að börnin fari í hvíld á öðrum tíma eða sleppi hvíldinni. Starfsmenn fara með börnum í hvíld og eru inni í hvíldinni þar til börnin eru sofnuð. Eftir það fylgist einn starfsmaður með og tekur börnin fram um leið og þau vakna. Stundum óska foreldrar eftir að barn sé vakið eftir ákveðinn tíma og er orðið við þeim óskum ef barnið er ópreytt þegar það vaknar. Það kemur fyrir að barn sofnar ekki í hvíld og er þá væntanlega ekki þreytt. Barnið fer þá úr hvíldinni með fyrsta starfsmanni sem fer fram.



# Vináttu- verkefnið Blær

Vináttuverkefnið er forvarnarverkefni Barnaheilla gegn einelti ætlað leikskólum, fyrstu bekkjum grunnskóla, frístund og dagforeldrum. Vinátta byggist á nýjustu rannsóknum á einelti og ákveðinni hugmyndafræði og gildum sem mikilvægt er að séu samofin starfi þeirra skóla sem vinna með efnið. Blær bangsi er táknmynd vináttunnar, sameiginlegur vinur allra barnanna og miðpunkturinn í að byggja upp velferð og samhyggð í hópnum. Blær minnir börnin á að gæta hvers annars vel og vera góður félagi. Einnig hjálpar Blær til við ýmis verkefni, faðmar, gleður og huggar börnin. Stóri Blær er handbrúða sem leikskólakennarinn notar í Blæstundum með börnunum. Auk þess eru til á deildum margir litlir Blæbangsar sem börnin hafa frjálsan aðgang að. Nánar má lesa um vináttuverkefnið í Hlíð á heimasíðu leikskólans [www.hlid.leikskolinn.is/Skolastarfid/Vinata](http://www.hlid.leikskolinn.is/Skolastarfid/Vinata).





# Grænfánaverkefnið

Skóli á grænni grein er alþjóðlegt verkefni til að auka umhverfismennt og styrkja menntun til sjálfbærni í skólum. Grænfánaverkefninu á Íslandi er stýrt af Landvernd. Til þess að ná því marki að flagga Grænfánanum til tveggja ára þarf að taka sjö skref í átt að aukinni umhverfisvitund og sjálfbærni. Þegar því marki er náð fær skólinn að flagga Grænfánanum til tveggja ára. Nánar um Grænfánaverkefnið í Hlíð má finna á heimasíðu leikskólans [www.hlid.leikskolinn.is/Skolastarfid/Hlid-a-graenni-grein](http://www.hlid.leikskolinn.is/Skolastarfid/Hlid-a-graenni-grein).



# Agastefna Hlíðar

## Hlýja Virðing Góðvild Festa

Þessi hugtök eru grunnhugtök í agastefnu Hlíðar sem gerð var 2016. Agastefnan byggir á kenningum þar sem talið er að jákvæðir, styðjandi uppeldishættir sem einkennast af virðingu, góðvild og festu stuðli að sjálfstjórnun barna. Sjálfstjórnun er þegar stjórnunin færir að utan og inná við. Grundvallarfærni í sjálfstjórnun er geta til að bregðast á jákvæðan hátt við mótlæti. Þegar Hlíð var breytt í ungbarnaleikskóla þótti ekki ástæða til að breyta agastefnunni enda aðalatriði hennar í samræmi við leiðarstef Hlíðar og gildir að flestu leyti fyrir yngstu börnin. Agastefnu Hlíðar má sjá á heimasíðu leikskólans [www.hlid.leikskolinn.is/Skolastarfid/Agastefna](http://www.hlid.leikskolinn.is/Skolastarfid/Agastefna).



# Fjölskyldan og leikskólinn

Líðan barns í leikskóla er samvinnuð velferð fjölskyldu þess og heimili. Mikilvægt er að góð samvinna sé á milli starfsfólks leikskóla og foreldra strax frá byrjun þar sem samvinna og gagnkvæmt traust er forsenda þess að barninu líði vel og það njóti sín í leikskólanum. Það er eðlilegt að aðskilnaður frá foreldrum sé börnum erfður og á það oft einnig við um foreldrana. Á aðlögunartímanum kynnast börn og foreldrar leikskólanum saman og tími gefst fyrir leikskólakennara að kynnast barninu sem hluta af fjölskyldunni og læra af foreldrum hvað hentar hverju barni best. Það er mjög mikilvægt að börnin upplifi strax að foreldrar treysti starfsfólki deildarinnar því það auðveldar þeim aðlögunina. Nauðsynlegt er að gagnkvæmt upplýsingastreymi sé gott. Smáforritið Karellen sem tengt er heimasíðunni veitir foreldrum upplýsingar um barnið. Upplýsingatöflur í fataherbergjum eru vel nýttar, tölvupóstar svo og dagleg samskipti þegar börn mæta og eru sótt. Samkvæmt lögum um leikskóla eru starfsmenn bundnir þagnarskyldu um hagi barna og foreldra þeirra. Þagnarskylda helst þó starfsmaður hætti störfum.

## Þátttökuaðlögun

Börnin hefja leikskólagönguna í litlum hópum, tvö til fjögur börn í hverjum hópi. Í Hlíð er notuð svokölluð þátttökuáðlögun sem byggir á því að foreldri sé með barninu í leikskólanum hluta úr degi, í þrjá til fimm daga og taki þátt í starfi leikskólans. Markmiðið er að skapa traust milli foreldra og leikskóla sem er grundvöllur farsæls samstarfs. Með því að foreldrar séu þátttökendur í starfinu frá fyrsta degi kynnast þeir dagskipulagi deildarinnar og því sem fram fer í leikskólanum. Aðlögun tekur sex daga ef allt gengur vel.

## Foreldrafundir og viðtöl

- Kynningarfundur fyrir nýja foreldra í júní.
- Foreldrafundur að hausti.
- Foreldrakaffi þar sem foreldrum er boðið að staldra við síðdegis vera með börnum sínum og rabba við starfsfólk. Foreldrakaffi eru einu sinni til tvisvar á önn.
- Foreldraviðtöl. Eitt viðtal er á önn en deildarstjórar ávalt til viðtals utan þess.

# Starfsfólk

Starfsfólk sem starfar með ungum börnum er í lykilhlutverki hvað varðar þroska barna og velferð. Engin annar þáttur leikskólastarfsins hefur viðlíka áhrif, hvorki húsnæði, búnaður né leikefni. Starfsmannastefna Hlíðar er að hafa ávallt á að skipa hæfu starfsfólki sem hefur metnað fyrir starfinu og sinni því af alúð og kostgæfni. Í lögum um leikskóla segir að 2/3 hluti starfsmanna leikskóla sem starfi með börnum skuli hafa leyfisbréf leikskólakennara og keppir Hlíð að því að það hlutfall náist. Í Hlíð er starfað samkvæmt hugmyndum um skóla sem lærdómssamfélag. Einkenni lærdómssamfélags eru meðal annars:

- Dreifð og styðjandi forysta
- Sameiginleg gildi og framtíðarsýn
- Faglegt samstarf og starfsþróun
- Skólamenning sem styður samstarf
- Traust milli fólks



# Öryggismál

Öryggi á öllum sviðum er grundvöllur góðs leikskólastarfs og á það jafnt við um börn og starfsfólk. Öruggt starfsumhverfi stuðlar að öryggi og vellíðan barna og starfsmanna og laðar fram það besta í hverjum einstaklingi. Ung börn gæta sín ekki sjálf og það eru því þeir fullorðnu sem í öllum tilvikum eru öryggisverðir barna.

## Öryggi í Hlíð

- Fyllsta öryggis er ávallt gætt innan dyra og utan.
- Áætlanir um öryggismál eru til staðar.
- Fylgst er með að húsbúnaður og leiktæki séu í lagi.
- Börnin eru ávalt í umsjá starfsmanns.
- Starfsfólk veit hvar hvert barn er staðsett þegar verið er á útisvæði.
- Öll slys eru skráð á þar til gerð eyðublöð sem varðveitt eru á skrifstofu leikskólans.



# Mat á leik- skólastarfinu

Mat er óaðskiljanlegur hluti leikskólastarfs og hefur þann tilgang að tryggja að réttindi leikskólabarna séu virt og þau fái þá menntun og þjónustu sem þeim ber samkvæmt lögum um leikskóla. Mat á skólastarfi er tvenns konar, innra mat og ytra mat.

Innra mat er fagleg ígrundun og greining á gögnum um leikskólastarfið þar sem mat er lagt á hversu vel tekst að ná þeim gæðum eða þeim árangri sem stefnt er að út frá fyrirfram ákveðnum viðmiðum. Matið gerir leikskólum kleift að skoða starfið og finna bestu leiðirnar til umbóta fyrir börnin.

Innra mat getur verið bæði formlegt og óformlegt. Óformlegt mat fer fram í umræðum á milli kennara, á deildarfundum og við ýmsar aðrar aðstæður þegar starfsmenn ígrunda starfið. Niðurstöður óformlegs mats eru sjaldnast skráðar né gerð skrifleg umbótaáætlun. Formlegt mat er fyrirfram ákveðið, markvisst og niðurstöður eru settar fram í skýrslu. Oftast er unnin umbótaáætlun úr formlegu mati. Í ársáætlun Hlíðar er birt matsáætlun til tveggja ára og þar koma fram hvaða þætti starfsins á að meta á formlegan hátt. Upplýsingar um mat á þroska og námi barna má finna í handbók leikskólans um mál og læsi á heimasíðu leikskólans [www.hlid.leikskolinn.is/Malorvun-i-Hlid/Snemmtaek-ihlutun-i-mali-og-laesi---handbok](http://www.hlid.leikskolinn.is/Malorvun-i-Hlid/Snemmtaek-ihlutun-i-mali-og-laesi---handbok).

Ytra mat er unnið af aðilum utan skólans. Annað hvert ár sér Skólapúlsinn um að gera viðhorfskönnun meðal foreldra barna í leikskólanum. Árlega sér Mannauðsdeild Mosfellsbæjar um að framkvæma starfsmannakönnun.



# Starfsáætlun

Leikskólinn gerir árlega starfsáætlun þar sem gerð er grein fyrir starfsemi skólans, skóladagatali og öðru sem viðkemur starfsemi skólans. Tilgangurinn er að gera skólaþróun leikskólans markvissa, upplýsa um hvernig gekk á síðasta ári og hvaða áherslur eru helstar á því næsta. Í starfsáætlun eru birtar upplýsingar um innra og ytra mat, umbótaáætlun og matsáætlun næsta skólaárs.



# Heimildir

*Aðalnámskrá leikskóla.* (2011). Menntamálaráðuneytið.

Anna Skúladóttir. (2020). *Draumalandið. Frá fæðingu til sex ára aldurs.* Forlagið.

Anna Kristín Sigurðardóttir. (2013). Skóli sem lærdómssamfélag. Í Rúnar Sigþórsson, Rósa Eggertsdóttir, Guðmundur Heiðar Magnússon (ritstjórar). *Fagmennska í skólastarfi.* Háskólaútgáfan.

*Lög um leikskóla nr. 90/2008.*

Maguire-Fong, M. J. (2015). *Teaching and learning with infants and toddlers.* Teachers College Press.

*Menntastefna Mosfellsbæjar.* (2011). Mosfellsbær.

Noddings, N. (1992). *The challenge to care in schools: An alternative approach to education.* Teachers College Press.

Noddings, N. (2003). *Happiness and Education.* Cambridge University Press.

Sigrún Herdís Arndal. (2011). *Áhrif námsumhverfis á yngstu börnin í leikskólanum.* Óbirt meistarařitgerð. Háskóli Íslands, Menntavísindasvið.

